

## Bekkur: 6. bekkur

### Námsgrein: Íslenska

**Kennarar:** Aldís Eyja Einarsdóttir og Kristín Sesselja Kristinsdóttir

**Nemendur:** 46 nemendur

**Tímafjöldi:** 6 stundir

#### Menntagildi námsgreinar:

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er jafnframt öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber. Í 10. bekk er áhersla lögð á að nemendur þjálfist í að geta flutt mál sitt af öryggi, með og án stafrænna miðla og beiti við það m.a. viðeigandi áherslum og jafnvel leikrænni tjáningu. Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur hafi náð góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir hafi góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsi ritun í skipulagðar ritgerðir s.s. kjörbóka- og heimildaritgerðir. Nemendur þurfa bæði að geta sett efni sitt fram skriflega og með stafrænum miðlum. Í málfræði nýta nemendur þá þekkingu sem þeir hafa þegar öðlast í yngri bekkjum og byggja ofan á hana. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á tungumáli sínu.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li><li>tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</li><li>tekið þátt í samræðum,</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur æfa framsögn með ýmsum hætti t.d. lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.</li><li>Við lestur námsbóka og á bekkjarfundum fá nemendur þjálfun í að taka þátt í umræðum um hin ýmsu málefni og mikilvægi þess að virða skoðanir annarra.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á frammistöðu sína á meðan á vinnu stendur</li><li>Lykilhæfnin tjáning og miðlun og skapandi og gagnrýnin hugsun verður höfð til hliðsjónar.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• nýtt sér myndefni og rafrænt efni,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur æfa sig að koma fram í leikþáttum, hlutverkjaleikjum eða segja frá.</li> <li>• Í umræðum á bekkjarfundum, leikþáttum og hlutverkjaleikjum er lögð áhersla á mikilvægi hlustenda og áhorfenda og að þeir horfi og/eða hlusti með athygli og á gagnrýninn hátt.</li> <li>• Nemendur fá tækifæri á að horfa á myndbönd sem tengjast námsefni t.d. horft á myndina Benjamín dúfa og umræður um hana. Nýtum KrakkaRÚV þegar hægt er.</li> </ul>	
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,</li> <li>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,</li> <li>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,</li> <li>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglimum,</li> <li>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap,</li> <li>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa heima jafnt og þétt í frjálislestrarbókum yfir allt skólaárið (15 mínútur á dag) og í skóla og skrá lesturinn í lestrardagbók.</li> <li>• Hraðlestraræfingar verða gerðar reglulega og fjölbreytilegir textar lesnir.</li> <li>• Þeir nemendur sem ekki hafa náð 105 orðum býðst að lesa aukalega upphátt í skólanum.</li> <li>• Til að efla lesskilning verða lesnir textar, smásögur, fréttir og textabrot o.fl. og rýnt í þá og unnin fjölbreytt verkefni úr þeim. Nýttar verða aðferðir gagnvirkis lestrar, notast verður við fjölbreytta texta og fjölbreytt málfar verður í hávegum haft.</li> <li>• Nemendur lesa skáldsöguna Benjamín dúfa á skólaárinu. Bókmenntafræðilegum hugtökum er beitt í umræðum til að efla skilning.</li> <li>• Nemendur lesa ýmis konar ljóð og þjálfast samhliða því í að beita algengum hugtökum í bragfræði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur taka lesfimiþróf 3 x yfir skólaárið <b>Viðmið í lesfimi við lok 6. bekkjar:</b></li> </ul> <p>175 orð á mín. eða meir mjög góður árangur</p> <p>155-174 orð á mín. góður árangur</p> <p>105-154 orð á mín nokkuð góður árangur</p> <p>Undir 105 orð þarfnast þjálfunar</p> <p>Nemendur sem ekki hafa náð 90 orðum á mín. í lesfimiþrófi í september þurfa frekari þjálfun og í sumum tilfellum sérúræði.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur fara í lesskilningskannanir tvisvar á</li> </ul>

	<p>svo sem rím, ljóðstafi, líkingar og boðskap,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna og lagt nokkurt mat á trúverðugleika upplýsinga,</li> <li>• lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</li> <li>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þristurinn og fimman nýtt markvisst til að auka lestarhraða.</li> </ul>	<p>hverri önn.</p> <p>Orðarún 1- lesskilningspróf</p> <p>Orðarún 2 - lesskilningspróf</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesa frjálslestrarbækur við hæfi.</li> <li>• Lykilhæfnin tjáning og miðlun og skapandi og gagnrýnin hugsun verður höfð til hliðsjónar.</li> </ul>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd og notað orðabækur</li> <li>• beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu og gengið frá texta</li> <li>• valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,</li> <li>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,</li> <li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar,</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.</li> <li>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur munu vinna ýmis ritunarverkefni heima og í skóla og mun ritun að miklu leyti tengjast þeim námsþáttum eða námsefni sem unnið er með hverju sinni.</li> <li>• Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð, skrift og frágang.</li> <li>• Nemendur munu æfa skrift jafnt og þétt yfir veturinn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eftir samlestur Benjamíns dúfu gera nemendur kjörbókarritgerð og er hún hluti af lokamati.</li> <li>• Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.</li> <li>• Lykilhæfnin sjálfstæði og samvinna verður höfð að leiðarljósi.</li> </ul>

<p>Málfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli,</li> <li>• notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,</li> <li>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,</li> <li>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,</li> <li>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,</li> <li>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,</li> <li>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið verður í námsbókum til að efla málfræði- og stafsetningarfærni.</li> <li>• Nemendur munu leysa ýmis verkefni, sem m.a. tengjast málfræði, í hringekju þar sem bekkjunum verður blandað saman.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lagðar verða fyrir kannanir í nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum.</li> <li>• Nemendur fara í nokkrar stafsetningarkannanir yfir veturinn.</li> <li>• Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur, auk þess sem þeir fá tækifæri til að taka æfingapróf til að kanna kunnáttu sína í ákveðnum þáttum fyrir prófið.</li> <li>• Lykilhæfnin sjálfstæði og samvinna verður höfð að leiðarljósi.</li> </ul>
-----------------	--	---	--

**Kennslugögn:** Málrækt 2, Benjamín dúfa, Mál í mótun, valdar æfingar, Litabækur Skólavefsins, Frægt fólk, Flökkuskinna, Skrift 6, Orðspor 2 lesbók og vinnubók, Smellur 1.

**Ítarefni:**

Frjálslestrarbækur, rafrænt efni af meðal annars af: [www.nams.is](http://www.nams.is): Skrifað í skrefum, Málbjörg, Miðbjörg, Finnbjörg, Ritbjörg, Ritfærni og Íslensk orðabók. Samþætting lesskilnings úr öðrum námsfögum. Kennslubók í stafsetningu eftir Árna Þórðarson – Gunnar Guðmundsson, Mál í mótun, Beinagrindur- handbók um ritun.

**Lokamat:**

Málfræði, lesskilningur, stafsetning, bókmenntir, ritun. Orðarún að hausti og vori. Lesfimiþróf 3 sinnum fyrir skólaárið og gildir síðasta prófið sem lokamat.